

Nd.

294. Frumvarp til laga

[166. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson og Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1. Í stað „2 500 kr.“ og „5 000 kr.“ í 2. másl. 2. tl. B-lið 1. mgr. komi: 12 750 kr. og 25 500 kr.
2. Í stað „27 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. C-lið 1. mgr. komi: 140 kr.
3. Í stað „5 000 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 3. tl. C-lið 1. mgr. komi: 25 500 kr.
4. Í stað „3 060 kr.“ í 2. másl. 4. tl. C-lið 1. mgr. komi: 15 600 kr.
5. Í stað „660 kr.“ í 2. másl. 3. tl. D-lið 1. mgr. komi 3 370 kr.
6. Í stað „25 500 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. E-lið 1. mgr. komi: 127 500 kr. og 255 000 kr.
7. Í stað „100 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-lið 1. mgr. komi: 500 kr.
8. Í stað „5 500 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. komi: 28 000 kr.

2. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. tl. B-lið, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1985.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Vísað er til athugasemda með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum, á þskj. 164.